

7. útgáfa
2024

Raunfærnimat til styttingar á námi

HANDBÓK – STUÐNINGUR VIÐ FRAMKVÆMD

Tilgangur þessarar handbókar er að styðja við samræmda aðferðafræði og gæði við framkvæmd raunfærnimats.

Handbókin er ætluð þeim sem koma að framkvæmd raunfærnimats (verkefnastjórum, matsaðilum og ráðgjöfum) og til upplýsingar fyrir hagsmunaaðila.

Efnisyfirlit

Hvað er raunfærnimat?	3
Þróun raunfærnimats á Íslandi	4
Stoðir raunfærnimats- lög, reglugerðir og aðalnámskrá	5
Raunfærnimat til styttingar á námi	6
Upplýsingar og skimun	8
Skráning á færni	10
Staðfesting á færni	11
Vottun og skráning	13
Réttur þátttakanda á stuðningi, leiðsögn og ráðgjöf	14
Verkefnastýring	15
Árangur og tölfraði	16
Fjármögnun raunfærnimats	17
Heimildir og tilvísanir	18

Útgefandi: Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Höfundar: Fjóla María Lárusdóttir og Haukur Harðarson
7. útgáfa, 2024

Hvað er raunfærnimat?

Raunfærni er öll sú færni sem einstaklingur hefur náð, s.s. með starfsreynslu á vinnustað, ýmis konar námi (starfsnámi, frístundanámi, skólanámi), félagsstörfum og fjölskyldulífi.

Mat á raunfærni veitir staðfestingu á færni einstaklings óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Niðurstöður raunfærnimats eru m.a. nýttar til að stytta nám eða sýna fram á ákveðna færni á vinnumarkaði. Raunfærnimat er mikilvægur hvati fyrir fólk til enn frekari þróunar á hæfni í starfi og/eða til áframhaldandi náms.

Mat á raunfærni byggir á hugmynd um að nám fari fram við margs konar aðstæður og í ólíku samhengi en ekki eingöngu í skóla. Raunfærnimat er víða notað í heiminum en íslenska líkanið byggir á áherslum frá framkvæmdaaðilum annarra Evrópulanda og tilmælum í málaflokknum. Mat á raunfærni er í auknum mæli álitid vera lykilatriði til að efla þátttöku í símenntun og hafa mörg Evrópulönd lagt áherslu á að draga fram og viðurkenna það nám sem á sér stað utan formlegs skólakerfis (CEDEFOP, 2023¹).

Áhersla framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (European Commission, 1995²) á hugtakið símenntun (lifelong learning) í stað menntunar (education) er beintengd þeim öru breytingum sem eiga sér stað á vinnumarkaði í dag. Í stað þess að mennta sig „í eitt skipti fyrir öll“ er það hverri og einni manneskju nauðsynlegt að bæta stöðugt við sig þekkingu.

Sú færni sem einstaklingur öðlast við óformlegt og formlaust nám er einnig talin nauðsynleg fyrir hámarks frammistöðu á vinnumarkaði sem og hvað varðar félagslega virkni (Managing European diversity in lifelong learning, 2007³).

Virkni einstaklings í eigin símenntun er lykilatriði fyrir aðgengi að störfum og almenna stöðu á vinnumarkaði. Mat á raunfærni styður við virka símenntun sem aðferð til að einstaklingurinn eigi auðveldar með að gera færni sína sýnilega og fá hana viðurkennda svo að hægt sé að þróa færni áfram við nám eða störf. Með því móti öðlast einstaklingurinn tækifæri til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Hérlandis hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) verið falið það verkefni að þróa raunfærnimat á Íslandi eins og fram kemur í þjónustusamningi FA við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og mennta- og barnamálaráðuneytið. Þar segir meðal annars að verkefnið felist í:

„...að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði.“

Raunfærni er öll sú færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. með starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi.

¹ CEDEFOP, 2023. European guidelines for validation of non-formal and informal learning.

² European Commission, 1995. White Paper on Education and Training – Teaching And Learning, Towards the Learning Society, Brussels, COM (95) 590.

³ Duvekot, R., Scanlon, G., Charraud, A.M., Schuur, K., Coughlan, D., Nilsen-Mohn, T., Paulusse, J. and Klarus, R. (eds.) (2007. Managing European diversity in lifelong learning. The Many Perspectives of the Valuation of Prior Learning.


Þróun raunfærnimats á Íslandi

Þróun málaflokksins hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) hófst árið 2004 með upplýsingaöflun um reynslu annarra þjóða af raunfærnimati. Tilraunaverkefni voru unnin með hagsmunaaðilum árin 2004 til 2007 í því skyni að þróa ferli sem byggði á íslenskum reynsluheimi og var því ferli lýst í bæklingnum *Raunfærni-Raunfærnimat* (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2006) sem ætlaður er samstarfsaðilum í raunfærnimati.

Árið 2007 voru sendar fyrstu stefnumarkandi tillögur til menntamálaráðuneytisins, sem þá hafði með málaflokkinn að gera, um tilhögun raunfærnimats á Íslandi. Tillögurnar voru afrakstur tilraunaverkefna framhaldsfræðslunnar og samtals við aðila vinnumarkaðarins. Sjá mynd 1 til hliðar.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði í kjölfarið starfshóp til að fjalla um tillögurnar og framgang þeirra. Mótaðar voru úthlutunarreglur vegna raunfærnimats og gerðir samningar um framkvæmd raunfærnimatsverkefna við samstarfsaðila FA. Í framhaldi af verkefnum voru mótuð lög um framhaldsfræðslu 2010 (27/2010) og reglugerð í kjölfarið árið 2011(1163/2011).

Hlutverk FA í raunfærnimati er miðlun aðferðafræði, samhæfing, þjálfun þeirra sem sinna raunfærnimati, söfnun tölfraeðiupplýsinga og ráðgjöf í ferlinu. Ákvarðanir um upphæðir og úthlutun fjármagns til framkvæmda innan framhaldsfræðslu er í höndum Fræðslusjóðs.



Mynd 1: Tillögur að tilhögun raunfærnimats, skýrsla 2007

Fræðslusjóður gerir kröfu um að aðilar sem bera ábyrgð á framkvæmd þurfi að uppfylla gæðavottun. FA hefur umsjón með gæðavottunarkerfinu sem notað er (EQM) í samstarfi við óháðan ytri matsaðila sem framkvæmir gæðaúttektir.

Til að raunfærnimat megi vaxa og dafna í samfélaginu í samstarfi hagsmunaaðila sem því tengjast skiptir verulegu máli að ferli raunfærnimats sé ávallt unnið eftir settum gæðaviðmiðum sem tryggja eiga áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna.

Evrópusambandið hefur þróað leiðbeiningar sem hafa verið uppfærðar reglulega frá 2004, síðast árið 2023 (CEDEFOP, 2023), þar sem meðal annars er bent á mikilvægi þess að fagaðilar (verkefnastjóri, matsaðili og ráðgjafi) í raunfærnimatsferlinu fái viðeigandi þjálfun. Mikilvægt er að fagaðilar fái þjálfun áður en vinna við raunfærnimat hefst. Það er liður í að tryggja gæði ferlisins. Evrópsku leiðbeiningarnar eru innbyggðar í aðferðafræði raunfærnimats í framhaldsfræðslunni.

Fólk sem starfar við raunfærnimat þarf að búa yfir ákveðinni færni til að hafa umsjón með ferlinu, veita ráðgjöf eða leggja mat á raunfærni einstaklinga í viðkomandi fagi.

Fræðslusjóður starfar samkvæmt 10. gr. laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og fær framlög í fjárlögum samkvæmt staflið b í 9. grein laganna.

Stoðir raunfærnimats- lög, reglugerðir og aðalnámskrá

Árið 2008 komu út endurskoðuð lög um framhaldsskóla, þar kemur m.a. fram (í tengslum við ákveðnar verkgreinar) að nemar sem innritast í framhaldsskóla eigi rétt á því að raunfærni einstaklings sé metin.

31. gr. Viðurkenning á námi og raunfærni. *Nemandi sem innritast í framhaldsskóla á rétt á því að raunfærni hans sé metin til náms og námseininga, enda falli metin raunfærni að námskrá og námsbrautarlýsingum viðkomandi skóla. Viðurkennda raunfærni sem fellur utan brautarkjarna ber að meta sem valgreinar.*

Í lögum 27/2010 og reglugerð 1163/2011 sem fylgir í kjölfar laganna er raunfærnimat fest í sessi fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar og í reglugerðinni er fjallað um markmið, inntak og framkvæmd raunfærnimats.

Með lögum 27/2010 og reglugerð 1163/2011 má segja að tilraunaferli raunfærnimats hafi lokið og niðurstöður úr raunfærnimati hafi því sama gildi og niðurstöður náms úr formlega skólakerfinu. Lög og reglugerð styðja við þróun gæðamála, og tryggja samræmi í framkvæmd.

Framkvæmd raunfærnimats hefur því stoð annarsvegar í lögum um framhaldsfræðslu og reglugerð um framhaldsfræðslu. Síðan er tenging frá aðalnámskrá framhaldsskóla í reglugerðina (grein 15.2. og 15.2.1 í aðalnámskrá).

Reglugerð 1163, 2011 gr. 13

Kafli um framkvæmd – úrdráttur úr reglugerð

Skimun

- Lagt er mat á stöðu umsækjanda miðað við kröfur sem gerðar eru og líkindi þess að eiga erindi í raunfærnimat.

Skráning á færni

- Þátttakandi skráir raunfærni sína undir handleiðslu ráðgjafa í sérstaka færnimöppu.

Greining og staðfesting á færni

- Fagaðili/fagaðilar meta almenna og sértæka færni þátttakanda í samtali þar sem stuðst er við þegar útfyllta færnimöppu og sjálfsmatslista þátttakanda.

Mat og viðurkenning á raunfærni

- Metin raunfærni þátttakanda er skjalfest og vottuð af fræðsluaðilum.

Raunfærnimat til styttingar á námi

Raunfærnimat er skilgreint ferli sem framkvæmdaraðili skal taka mið af og ber ábyrgð á að framfylgja. Mikilvægt er að hafa í huga að raunfærnimat til styttingar á námi er mat á stöðu þátttakanda út frá hæfniviðmiðum sem sett eru fram í námskrá og niðurstöður raunfærnimats hafa sama gildi og formlegt nám.

Raunfærnimat er ekki afsláttarleið varðandi hæfnikröfur, heldur verkfæri til að kanna hvort hæfni og færni séu til staðar samkvæmt viðmiðum. Í matinu er sýndur sveigjanleiki til að koma til móts við þarfir mismunandi starfsgreina og hópa án þess að slá af kröfum um gæði í framkvæmd.

Þriðji kafli reglugerðar 1163/2011 um framhaldsfræðslu fjallar um raunfærnimat. Þar er meðal annars kröfur um aðferðafræði, rétt þátttakanda og samstarf milli kerfa. Í aðalnámskrá framhaldsskóla er vísun í þessa reglugerð um hvernig framkvæmd eigi að vera háttað. Mikilvægt er að fólk sem kemur að framkvæmd, verkefnastjórar, matsaðilar og ráðgjafar hafi sameiginlegan skilning á framkvæmdinni og kröfum um aðferðafræði, upplýsingagjöf, réttindum þátttakanda og kröfum um gæði. Reglugerð 1163/ 2011 má nálgast

Þriðji kafli reglugerðar 1163/2011 fjallar um raunfærnimat og tekur m.a. á eftirfarandi þáttum
Markmiðum raunfærnimats
Afmörkun á hópi sem á rétt til raunfærnimats sér að kostnaðarlausu
Um framkvæmdaaðila raunfærnimats
Framkvæmd raunfærnimats
Samstarf við hagsmunaaðila
Niðurstöður – skil til þátttakanda og skráning
Rétt þátttakanda til endurmats

Frá reglugerð til framkvæmdar

Þeim kröfum sem gerðar eru til framkvæmdar raunfærnimats og koma fram í reglugerð 1163/2011, er lýst sem heildarferli í mynd 2. Lýsingin byggist á reynslu af framkvæmd innanlands og í Evrópu.

Stuðst er við evrópskar leiðbeiningar um framkvæmd raunfærnimats (European guidelines for validation of non-formal and informal learning). Þær byggja á reynslu landa innan Evrópu af framkvæmd raunfærnimats sem hefur verið greind og sett fram sem leiðbeinandi handbók á vegum CEDEFOP.



Mynd 2: Ferli raunfærnimats til styttingar á námi

Áhersla hefur verið lögð á vandaðan undirbúning og eftirfylgni að loknum verkefnum. Eftirfylgni felst einkum í því að fylgjast með hvort þátttakendur nýti sér möguleika á námi/færniuppbyggingu sem býðst og leiðbeina þeim í því ferli.

Stuðningur, leiðsögn og ráðgjöf er eitt af sérkennum íslensku aðferðafræðinnar.

Hver getur haldið utan um og borið ábyrgð á framkvæmd?

Í reglugerð 1163/2011 grein 13. kemur eftirfarandi fram: *Raunfærnimat fer fram á vegum viðurkenndra fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.* Þeir aðilar eru símenntunarmiðstöðvar, fræðslumiðstöðvar iðngreina og framhaldsskólar.

Framkvæmd hefur þó nær eingöngu verið á vegum símenntunarmiðstöðva og fræðslumiðstöðva iðngreina og skýrist það af því að sú leið er sérstaklega fjármögnuð.

Hér á eftir er fjallað um einstaka þætti framkvæmdar ásamt ábyrgð framkvæmdaraðila. Framkvæmdin er tengd við einstaka þætti reglugerðarinnar.

Mikilvægt er því að aðrar leiðir sem notaðar eru til að meta stöðu einstaklinga til styttingar námi (mat á fyrra námi, stöðupróf, hraðferð út frá námsframvindu o.s.frv.) séu ekki skilgreindar sem raunfærnimat.

Í þessu felst ekki gagnrýni á þær leiðir heldur að varða það að raunfærnimat er ferli sem samanstendur af fjórum þáttum og er verkfæri sem fylgir ákveðinni aðferðafræði.

Upplýsingar og skimun

Upplýsingar

Væntanlegum þátttakendum skulu veittar upplýsingar um raunfærnimatsferlið og mögulegan ávinning til að geta tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku. Eftir að raunfærnimatsferlið er hafið fær þátttakandi reglulega endurgjöf um stöðu sína og það sem fram undan er.

Upplýsingagjöf er á ábyrgð framkvæmdaraðila, þess sem ber ábyrgð á gæðum og gildi niðurstaðna.

Kynningar til mögulegra þátttakenda geta verið með ýmsum hætti; heimsóknir á vinnustaði, upplýsingar á heimasíðu, til þeirra sem innrita sig í nám auk miðlunar á reynslu þeirra sem hafa fengið raunfærni metna og frásagnir þeirra. Vitneskjan um að raunfærnimat sé möguleiki er að verða nokkuð almenn.



Áherslur í upplýsingagjöf til þátttakenda

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none">– Hvað er átt við með orðinu raunfærni?– Hvað felst í ferli raunfærnimats?– Hver eru þátttökuskilyrði?– Hvað þarf ég að gera sem þátttakandi?– Hve langan tíma tekur verkefnið?– Hversu mikinn tíma þarf þátttakandi að leggja í verkefnið? | <ul style="list-style-type: none">– Hver er mögulegur ávinningur minn?– Hver er réttur þátttakanda?– Hvaða fólk kemur að verkefninu?– Hvaða fólk mun meta raunfærni mína?– Hve mikið kostar mig að taka þátt?– Möguleikar á námi að loknu raunfærnimati? |
|--|---|

Skimun

Í skimun er kannað hvort fólk sem óskað hefur eftir að fá raunfærni sína metna eigi erindi í ferlið.

Verkefnastjóri eða ráðgjafi hefur samband við þau sem hafa skráð sig í raunfærnimat og setur upp skimunarsamtal fyrir hvern einstakling.

Í viðtalinu er lögð áhersla á að draga fram bakgrunn einstaklings, áhugasvið, möguleika á þátttöku í raunfærnimati og möguleika á að ljúka námi í kjölfar þess, út frá niðurstöðu mats.

Áherslur í viðtali	Dæmi um stuðningsgögn í viðtali
Kynna raunfærnimat, framkvæmd og rétt einstaklings	Yfirlitsmynd um ferlið og tímaramma
Fara yfir skimunarlista og svörun	Skimunarlistar – fylltir út fyrir fund
Fara yfir náms- og starfsferil einstaklingsins	Sýnishorn af gögnum t.d. matslistar
Uppfyllir umsækjandi inntökuskilyrði verkefnis?	Uppbygging námsins (s.s. námsáfangar)
Viðhorf og væntingar umsækjanda til raunfærnimats	Lýsing á undirbúningi fyrir skráningu á eigin færni (gögn)
Upplýsa um næstu skref	Kynningargögn og netfang/síma verkefnastjóra
Möguleikar til að ljúka námi í kjölfar raunfærnimats	Kanna aðstæður umsækjanda og námsstíl
Upplýsa um aðrar leiðir ef umsækjandi á ekki erindi í mat	Gögn um aðrar leiðir til uppbyggingar á færni
Einstaklingur þarf að leggja fram gögn	
Gögn um líf- og starfsaldur	Útfyllta skimunarlista

Mikilvægt er að þau sem uppfylla ekki viðmið um þátttöku í raunfærnimati fái ráðgjöf um hvaða aðrar leiðir standi þeim til boða til færniþróunar.

Fyrir skimunarsamtal

Það er á ábyrgð framkvæmdaraðila að leggja mat á þau gögn sem lögð eru fram og greina hvort til staðar sé færni sem er sambærileg við hæfniviðmið námsáfanga. Það er óæskilegt að fólk fari í ferli raunfærnimats ef óvissa ríkir um að næg færni sé til staðar. Slíku ferli fylgir tími og kostnaður og því mikilvægt að vandað sé til skimunar.

Helstu gögn sem notuð eru til að meta hvort einstaklingur á erindi í raunfærnimat:

- Skimunarlistar, þar sem könnuð er þekking á grunnatriðum í viðkomandi starfsgrein.
- Gögn um líf- og starfsaldur til staðfestingar (3ja ára starfsreynsla í greininni).

Í reglugerð 1163/2011 eru gerðar kröfur um líf- og starfsaldur þeirra sem eiga rétt á raunfærnimati. Gefnar hafa verið einstaka undanþágur frá ákvæðum um líf- og starfsaldur af hálfu ráðuneytis, ef fara á þá leið er það í höndum stýrihópa fyrir einstök verkefni að taka afstöðu til þess hvort þörf er á því.

Reglugerð 1163/2011 **Líf og starfsaldur**

Raunfærnimat er einkum ætlað fólki sem hefur verið á vinnumarkaði í a.m.k. þrjú ár og náð tuttugu og þriggja ára aldri að lágmarki. Viðkomandi skal hafa aflað sér þekkingar, leikni og hæfni á tilteknu sviði sem nýst getur í námi til lokaprófs eða til skilgreindra starfa á vinnumarkaði.

Sá sem sækir um raunfærnimat skal leggja fram nauðsynleg gögn sem styðja umsóknina, svo sem yfirlit yfir nám og störf.

Skráning á færni

Markmið með skráningu á færni er að þátttakandi tengi sína reynslu og þekkingu við hæfniviðmið úr námskrá.

Skráning á færni er ein af meginforsendum þess að sanngjarnt og áreiðanlegt raunfærnimat geti átt sér stað. Þannig öðlast einstaklingur aukna vitund um eigin færni og á auðveldara með að gera grein fyrir henni í matssamtali.



Það getur verið áskorun að safna, draga fram og færa í orð þá óformlegu og formlausu færni sem hefur áunnist með ýmsum námstækifærum sem tengjast störfum, félagsstörfum, sjálfbóðaliðastörfum, áhugamálum og fjölskyldulífi viðkomandi. Framvísun formlegra gagna (t.d. prófskírteina, viðurkenningarskírteina og annarra staðfestinga á færni) sýnir aðeins hluta heildar færni sem einstaklingur býr yfir.

Við skráningu á færni eru notaðar tvær leiðir, skráning á færni (færnimappa eða ferilskrá) og sjálfsmat á mótí hæfniviðmiðum námskrár. Þessari vinnu þarf að gefa gott svigrúm og þurfa einstaklingar að geta haft greiðan aðgang að matsaðilum og ráðgjöf meðan á ferlinu stendur.

Verkfæri við skráningu á færni:

Færnimappa eða ferilskrá

- Gera sýnilega raunfærni sem einstaklingur hefur aflað sér á lífsferlinum; starf, nám, félagsstörf, áhugamál og fjölskyldulíf.
- Lögð er áhersla á að ná yfir allt nám: formlegt, óformlegt og formlaust nám.

Þátttakandi hefur aðgengi að stuðningi og ráðgjöf við þessa vinnu ef þörf er á.

Sjálfsmat á mótí hæfniviðmiðum úr námskrá – matslistar

- Einstaklingur leggur mat á sína hæfni – fyllir út matslista.
- Matsaðilar eru aðgengilegir í sjálfsmatinu til að útskýra hugtök í hæfniviðmiðum og mynda tengsl.

Matslistar fyrir námsbrautir eru vistaðir miðlægt hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Áherslur við skráningu á færni

Áherslur	Dæmi um stuðningsgögn
Skilgreining á og samtal um færnihugtakið	Form fyrir færnisráningu
Æfingar sem miða að því að rifja upp náms- og starfsferil, draga fram færni, styrkleika og ýta undir jákvæða sjálfsmynd.	Íslenski hæfniramminn Uppbygging náms (s.s. áfangar) Sjálfsmatslistar Færnilýsingar úr fagi - námsbækur

Staðfesting á færni

Staðfesting á færni felur í sér að matsaðili leggur mat á hvort þátttakandi hefur þá færni og þekkingu til að standast áfanga. Matsaðilar bera ábyrgð niðurstöðu mats. Fyrir matssamtal þurfa matsaðilar að hafa haft tækifæri til þess að skoða færnimöppu (starfsferil) og sjálfsmat þátttakanda.



Í flestum tilvikum fer matið fram í gegnum samtal og algengt er að hafa til hliðsjónar myndir, teikningar eða önnur gögn sem léttu og einfalda samtalið. Ástæða þess að matssamtöl eru mest notuð er að almennt hafa þau reynst vel fyrir þátttakendur og reynsla matsaðila af matssamtölum er góð. Í lok matssamtals er niðurstaða á færni þátttakanda staðfest í samræmi við mat úr matssamtalinu.

Ef matssamtöl leiða ekki til skýrrar niðurstöðu getur verið þörf á nánari eða ítarlegri staðfestingu á færni einstaklings, þ.e. matsaðili telur þörf á að láta reyna betur á færni (ákveðinn færniþátt eða þætti) til dæmis með framkvæmd/áhorfi. Það er í samræmi við reglugerð 1163/2011 en þar kemur fram að matsaðferðir miðist við þarfir þátttakanda.

Matssamtöl eru almennt á staðfundum en einnig á fjarfundarformi.

Matssamtalið gengur út á að bera saman og staðfesta raunfærni þátttakanda út frá hæfniviðmiðum náms og komast að niðurstöðu um hvort hann uppfylli þá færni sem gerð er krafa um í námskrá (t.d. 50% færni ef 5 er lágmarkseinkunn í námsáfanganum). Hafa þarf í huga að verið er að tala um sambærilega eða **jafngilda** færni, og kemur út úr þjálfun nemenda í formlega skólakerfinu.

Fjöldi eða lengd matssamtala er misjöfn og fer eftir fjölda áfanga sem þátttakandinn lætur reyna á mat í. Einnig getur uppbygging á námskrá haft áhrif á fjölda þeirra. Matsaðilar vinna oft í þörum og mörg dæmi eru um að tveir matsaðilar geti metið alla áfanga í einstökum námskrám.

Matsaðili/ar þarf að orða spurningar sínar til þátttakanda á sem skýrasta hátt og útskýra fræðileg hugtök eftir þörfum. Það getur líka skipt máli fyrir þátttakendur með ólíka nálgun viðfangsefna að hægt sé að setja fram spurningar á myndrænan máta og tengja við aðstæður á vinnustað. Mikið er um að í matssamtölum séu nýttir verkferlar, handbækur, teikningar eða ljósmyndir sem tengjast vinnu í viðkomandi fagi.

Reglugerð 1163, 2011gr. 13 - Greining og staðfesting færni

Fagaðili/fagaðilar meta almenna og sértæka færni þátttakanda í samtali þar sem stuðst er við færnimöppu og sjálfsmatslista viðkomandi.

Við raunfærnimat er gengið út frá viðmiðum starfsgreinar og byggt á fjölbreyttum aðferðum.

Matsaðferðir miðast við þarfir þátttakanda.

Raundæmi

Mikið er um notkun raundæmi (e. cases) í matssamtalinu en þau snúast um að setja fram dæmi um verkefni eða aðstæður sem þarf að leysa í starfi. Með raundæmum er hægt að meta fleiri áfanga í einu og matsaðilar hafa tækifæri til að dýpka og breikka samtalið í kringum fjölbreytt hæfniviðmið eftir þörfum.

Mikilvægt er að hafa í huga að meðalaldur þeirra sem koma í raunfærnimat er um 37 ár og mikil reynsla af vinnumarkaði til staðar hjá því fólki.

Þegar niðurstaða liggur fyrir um hvort þátttakandi hafi staðist áfanga eða ekki er viðkomandi upplýst(ur) um niðurstöðu. Oft er það gert óformlega í lok matssamtals en í sumum tilvikum er það gert síðar. Það er val matsaðila. Sjaldgæft er að upp komi ágreiningur um niðurstöður.

Vottun og skráning

Niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í INNU/gagnagrunn fyrir einkunnir og námsferil. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir frammistöðu í áfanga, heldur er bókstafurinn M notaður til staðfestingar á að áfanga sé lokið/hæfniviðmið nægjanlega uppfyllt.



Krafa er um að þátttakandi fái niðurstöður matssamtals skriflegar. Hjá flestum framkvæmdaraðilum hefur þróast það verklag að setja niðurstöður upp í töflur þar sem sést hvaða áföngum er lokið (mat á fyrra námi og mati lokið með raunfærnimati) og hvað er eftir til að ljúka námi. Myndræn framsetning auðveldar þátttakanda yfirsýn og einfaldar ráðgjöf um næstu skref.

Niðurstöður skal geyma í að lágmarki eitt ár til samræmis við önnur gögn um niðurstöður prófa.

Reglugerð 1163/2011– 13 grein Framkvæmd raunfærnimats

Niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í gagnagrunn á vegum stjórnvalda. Með þeirri skráningu er óformlegt nám og starfsreynsla metið til jafns við formlegt nám. Fræðsluaðili sem annast mat á raunfærni skal geta rökstutt niðurstöðu sína með vísan til varðveittra gagna ef eftir er leitað.

Réttur þátttakanda á stuðningi, leiðsögn og ráðgjöf

Stuðningur, leiðsögn og ráðgjöf til þátttakanda er hluti af heildar ferli raunfærnimats. Misjafnt er hversu umfangsmikill þessi þáttur er.

Gróflega má skipta þörf þátttakanda sem koma í raunfærnimat fyrir stuðning í þrjá hópa:

Hópur 1: Þátttakendur sem nýta sjálf fyrirbyggjandi upplýsingar, sjá um undirbúning sjálf og þurfa lítinn stuðning.

Hópur 2: Þátttakendur sem fá upplýsingar og leiðbeiningar í samtali og meta sjálf þörf á stuðning í framhaldi af því.

Hópur 3: Þátttakendur sem þurfa beina og stöðuga upplýsingagjöf, leiðbeiningar í samtali og stuðning í gegnum ferlið.

Mörg sem koma í raunfærnimat hafa verið í námi sem tengist þeirri námskrá sem metið er á mótí en ákveðið að hætta á einhverjum tímapunkti. Skólakerfið hefur tekið töluverðum breytingum og möguleikar til að ljúka námi orðnir mun fjölbreyttari en áður. Þau þurfa því upplýsingar um möguleikar leiðir til að ljúka námi að raunfærnimati loknu. Flest þeirra vilja ljúka náminu samhlið vinnu, enda meðalaldur þátttakanda í raunfærni hár, eða 37,4 ár (tölur frá 2023).

Eins og fyrr segir er þörf þátttakanda fyrir stuðning, leiðsögn og ráðgjöf misjöfn. Verkefnastjóri og matsaðili veita stuðning og leiðsögn í ferlinu sjálfu. Ekki er ástæða til að ákveða fyrir fram að allir fari í dýpri náms- og starfsráðgjöf.



Dæmi um stuðning, leiðsögn og ráðgjöf	
Kynning á raunfærnimati, framkvæmd	Stuðningur í matssamtali
Stuðningur við gerð færnimöppu	Aðstoð við að finna gögn
Stuðningur við útfyllingu sjálfsmatslista	Greina möguleika á að ljúka nám að loknu mati
Samtöl við þátttakanda meðan á ferlinu stendur	Túlkun á niðurstöðum raunfærnimats

Stuðningur ráðgjafa í matssamtölum

Ef þátttakandi óskar eftir stuðningi í matssamtali er hann veittur. Sá stuðningur felst í því að sitja með þátttakanda í matssamtali og aðstoða viðkomandi við að miðla færni sinni í samtali við matsaðila.

Ekki er ástæða til að ákveða fyrir fram þá þörf.

Verkefnastýring

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á að framkvæmd raunfærnimats sé í samræmi við reglugerð 1163/2011 og samkvæmt þeim gæðakröfum sem gilda um framkvæmd raunfærnimats. Umfang verkefnastýringar er sá þáttur í framkvæmd raunfærnimats sem oftast er vanmetinn.

Krafa er um stofnun stýrihóps sem ber sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu áreiðanlegar og réttmætar, jafnframt að niðurstöðurnar gildi á vinnumarkaði og/eða í skólakerfi óháð staðsetningu.

Mikilvægt er að hafa skýra verkáætlun áður en hafist er handa við að afla þátttakenda og skýr svör t.d. varðandi dagsetningar á einstökum verkþáttum. Það einfaldar alla framkvæmd. Þetta á einnig við þætti eins og hvert eigi að beina fyrirspurnum, skil á gögnum og hvernig upplýsingaflæði verði háttað.

Hér fyrir neðan er listi yfir helstu þætti sem felast í verkefnastýringu raunfærnimats. Hann er þó ekki tæmandi. Að stilla upp matssamtölum krefst þess að taka þarf tillit til mismunandi þarfa þátttakenda og getur reynst snúíð.

Reglugerð 1163/2011 13.gr. Framkvæmd raunfærnimats

Viðurkenndir fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skulu koma á laggirnar sérstökum stýrihópi sérfróðra aðila fyrir hverja námsgrein, námsleið, starfsgrein eða starfsgreinaflokk með þátttöku náms- og starfsráðgjafa, fagkennara og fagaðila úr atvinnulífinu.

Hópurinn ber sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu réttmætar og gildi á vinnumarkaði og/eða í skólakerfi óháð staðsetningu.

Dæmi um verkþætti í verkefnastýringu raunfærnimats

- Útbúa verkáætlun og fjárhagsáætlun
- Tryggja að stýrihópur sé stofnaður og virkur
- Tryggja að framkvæmd sé í takt við kröfur reglugerðar
- Kynningar og öflun þátttakenda
- Tryggja öflun gagna frá þátttakendum og afgreiðslu umsókna
- Upplýsingaflæði til þátttakanda/þátttakenda
- Upplýsingaflæði til allra sem koma að framkvæmd
- Skipta verkum og tryggja að allir verkþættir komi til framkvæmda
- Tryggja að opið sé fyrir ábendingar þátttakenda
- Halda utan um gögn sem verða til í ferlinu m.a. niðurstöður mats
- Styðja aðila í verkefninu við framkvæmd verkþátta
- Tryggja að rétt gögn séu notuð t.d. matslistar
- Tryggja skil á gögnum til þátttakanda og trúnað um gögn
- Sjá um að verkefnið uppfylli gæðaviðmið
- Skráning á niðurstöðum í INNU
- Mat á framkvæmd og vinnu að úrbótum ef þörf er á
- Skil á skýrslu um verkefnið (skilagrein) til FA

Árangur og tölfræði

Tölfræði um framkvæmd raunfærnimats er haldið saman hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Frá árinu 2007 til og með ársins 2023 hafa 7.959 einstaklingar lokið raunfærnimati og meðalaldur þeirra er 37,7 ár. Árið 2024 er raunfærnimat í boði fyrir flestar starfsnámsbrautir framhaldsskóla. Um 600 einstaklingar ljúka raunfærnimati á ári hverju.

Alls fóru 644 einstaklingar í gegnum mat á raunfærni á vegum framhaldsfræðslunnar á árinu 2023 og er skipting á milli kynja nokkuð jöfn eða konur 49% og karlar 51%. Mun fleiri konur sækja raunfærnimat í starfsnámi og fleiri karlar sækja raunfærnimat í iðnnámi. Meðalaldur fólks í raunfærnimati árið 2023 var 37,7 ár og samtals voru 12% þeirra innflytjendur.

Hlutfall löggiltra iðngreina lækkar

Þegar skoðað er á hvaða sviðum framkvæmd raunfærnimats fer fram á árunum 2018 til 2022 kemur í ljós að hlutfallslega er umfang löggiltra iðngreina að dragast saman miðað við annað starfsnám miðað við árin þar á undan.


Hluttur raunfærnimats sem flokkast undir viðmið atvinnulífs (hæfnikröfur starfa) og almenna starfshæfni hefur farið hækkandi. Sú breyting kemur í kjölfar samvinnu ASÍ og SA um að nýta raunfærnimat til staðfestingar á færni til ákveðinna starfa.

Flokkar raunfærnimats	2019	2020	2021	2022	2023
Starfsnám	50%	44%	28%	45%	46%
Löggildar iðngreinar	43%	38%	46%	38%	32%
Viðmið atvinnulífsins	4%	16%	22%	15%	22%
Almennar bóklegar greinar	3%	3%	4%	2%	

Kynjahlutfall

Meðalaldur þeirra sem luku raunfærnimati 2022 er 37.2 ár og helst nokkuð jafnt milli ára. Á upphafsárum framkvæmdar voru karlar í miklum meirihluta þeirra sem nýttu sér raunfærnimat og er skýringin á því helst sú að flest upphafsverkefni voru tengd iðngreinum.

Árið 2023 var hlutfall kvenna í komið í 49%. Ástæða þess er líklega einkum sú að greinum þar sem raunfærnimat er framkvæmt og konur eru ráðandi vinnuafl fjölgar. Bæði á það við um raunfærnimat á móti námskrá og til og á móti hæfnikröfum til starfs staðfestar á færni til starfa.



Hlutfall eftir þjóðerni

Hlutfall einstaklinga af öðru þjóðerni en íslensku (erlendir ríkisborgarar) hefur verið nokkuð stöðugt frá árinu 2018, rúmlega 10% og á árinu 2023 var hlutfallið 12%. Lág hlutfall innflytjenda miðað við hlutfall á vinnumarkaði skýrist meðal annars af því að nám sem fylgir í kjölfar raunfærnimats fer fram á íslensku og það getur ekki allt fólk nýtt sér. Ávinningur af því að leggja af stað í ferlið er því ekki skýr fyrir þann (innflytjendur) hóp.

Frekari tölfræði

Á vef [Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins](#) er að finna mælaborð þar sem finna má upplýsingar um raunfærnimat, meðal annars út frá námskrám, starfsgreinum, landssvæðum og fleiru.

Fjármögnun raunfærnimats

Eini sjóðurinn sem úthlutar reglulega fjármagn til raunfærnimats er Fræðslusjóðurⁱⁱ. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 27/2010. Samkvæmt lögunum er hlutverk sjóðsins að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir fólk með stutta skólagöngu að baki, jafnframt því að taka þátt í að skapa skilyrði svo það fólk geti nýtt sér slík námstækifæri. Framlög til Fræðslusjóðs eru ákveðin í fjárlögum hvers árs. Stjórn Fræðslusjóðs ber ábyrgð á ráðstöfun fjármagnsins og setur sérstaka skilmála fyrir fjárframlögum úr sjóðnum. Skilmálarnir eru staðfestir af ráðherra.

Úthlutun Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt:

- framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald,
- framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og ráðgjöf,
- styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna innan framhaldsfræðslu.

Hver getur fengið úthlutað úr Fræðslusjóði?

Mögulegir viðtakendur fjár frá Fræðslusjóði eru eftirtaldir aðilar: Mímir-vertu meira, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntun á Vesturlandi, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn á Norðurlandi vestra, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarnet Þingeyinga, Austurbrú, Fræðslunet-símenntun á Suðurlandi, Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja, IÐAN- fræðslusetur, Fræðslusetur rafiðnaðarins, Fræðslusetrið Starfsmennt og Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík.

Gæða- og skilakröfur um raunfærnimat - Fræðslusjóður

Í skilmála og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs kemur eftirfarandi fram:

- Umsækjendur um fjármagn til raunfærnimats skulu skila inn lýsingu á verkefni, árangursmarkmiðum og fjárhagsáætlun.
- Tryggja skal að hagsmunaaðilar séu í samstarfi vegna raunfærnimatsins til að sátt ríki um matið og þess gætt að niðurstöður gildi fyrir allt landið sbr. reglugerð 1163/2011. Dæmi um hagsmunaaðila starfsgreina eru: Framhaldsskóli, starfsgreinaráð, stéttarfélag, samtök atvinnurekenda og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.
- Stýrihópur skal settur á laggirnar með helstu hagsmunaaðilum fyrir hverja námskrá til mats.

Fagaðilar skulu sækja námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins áður en þeir hefja störf við verkefnastjórnun, faglegt mat og/eða ráðgjöf í raunfærnimati og byggja starf sitt á þeim áherslum sem lagðar eru á námskeiðinu.

Greiðslur fyrir hverja – Framhaldsfræðsla

Fræðslusjóður kostar raunfærnimat fyrir markhóp framhaldsfræðslu (ekki lokið námi á þriðja hæfniprepi). Ef einstaklingar falla ekki í þann hóp er möguleiki á að kosta ferlið sjálf, en geta í mörgum tilvikum nýtt rétt sinn úr starfsmenntasjóðum til þess. Um 10 % þeirra sem nýta sér raunfærnimat til styttingar á námi greiða fyrir það sjálf.

Kröfur um gæði – Fræðslusjóður

FA býður upp á EQM/EQM+ gæðavottun fyrir fræðsluaðila í fullorðinsfræðslu sem sinna raunfærnimati, en úttekt er framkvæmd af óháðum aðila. Þeir aðilar sem fá úthlutað fjármagn úr Fræðslusjóði vegna raunfærnimats þurfa að undirgangast gæðaúttekt sem framkvæmd er af óháðum aðila.

Heimildir og tilvísanir

ⁱⁱ CEDEFOP, 2023. European guidelines for validation of non-formal and informal learning.

ⁱⁱ European Commission, 1995. White Paper on Education and Training – Teaching And Learning, Towards the Learning Society, Brussels, COM (95) 590.

ⁱⁱ Duvekot, R., Scanlon, G., Charraud, A.M., Schuur, K., Coughlan, D., Nilsen-Mohn, T., Paulusse, J. and Klarus, R. (eds.) (2007. Managing European diversity in lifelong learning. The Many Perspectives of the Valuation of Prior Learning.